

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB frá 23. október 2002 um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/79/EB frá 2. október 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarksmagn tiltekinna varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og matjurtum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/82/EB frá 15. október 2002 um breytingu á tilskipun 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 287, 25.10.2002, bls. 40.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 292, 28.10.2002, bls. 1.

- „- **32002 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/79/EB frá 2. október 2002 (Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB):
- „- **32002 L 0082**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/82/EB frá 15. október 2002 (Stjtið. EB L 292, 28.10.2002, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 645/2000):
- „54zze. **32002 D 0840**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB frá 23. október 2002 um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli (Stjtið. EB L 287, 25.10.2002, bls. 40).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2002/840/EB og tilskipana 2002/79/EB og 2002/82/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.